

REGLUGERÐ

um stuðning við garðyrkju.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um stuðningsgreiðslur til framleiðenda garðyrkjuafurða, svo sem beingreiðslur til framleiðenda og beingreiðslur vegna á flutnings- og dreifingarkostnaðar á raforku samkvæmt samningi um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða dagsettum 19. febrúar 2016 með síðari breytingum.

2. gr.

Orðskýringar.

Jörð: Tölvukerfi og gagnagrunnur sem heldur utan um skýrsluhaldskerfi og skýrsluhaldsgögn í jarðrækt. Tölvukerfið sækir upplýsingar um stafræn tunkort úr tunkortagrunni Bændasamtaka Íslands.

Lífræn framleiðsla: Landbúnaður sem stundaður er í samræmi við gildandi reglugerð um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara, með síðari breytingum.

Rótarafurðir: Allar afurðir til manneldis sem vaxa neðanjarðar eins og kartöflur, rófur, gulrætur, næpur og aðrar sambærilegar afurðir.

Afurðir ræktaðar ofanjarðar: Hér er átt við afurðir eins og blómkál, hvítkál, kínakál, rauðkál og aðrar sambærilegar afurðir.

Garðávextir: Grænmeti og önnur ræktun til manneldis, úr matjurtagörðum og ræktunarlandi.

Ylrækt: Ræktun í gróðurhúsum þar sem jarðhiti er nýttur til upphitunar, auk svepparæktunar.

Tengdur aðili: Við afmörkun tengdra aðila í reglugerð þessari skal líta til II. kafla laga um stjórn fiskveiða.

Tunkort: Rafrænt, hnittsett myndasafn af tünun og ræktarlandi.

3. gr.

Handhafar greiðslna.

Greiðslur samkvæmt reglugerð þessari fá þeir framleiðendur einir sem uppfylla eftirtalin skilyrði:

- eru skráðir eigendur eða leigjendur lögbýlis/garðyrkjubýlis með lögheimili á Íslandi og
- stunda framleiðslu garðyrkjuafurða á lögbýlinu/garðyrkjubýlinu með virkt virðisaukaskattsnúmer og starfsemi þeirra fellur undir atvinnugreinanúmer 01 og 02 í atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands, sbr. ÍSAT2008, þó ekki starfsemi í undirflokkum 01.61, 01.62, 01.63, 01.64, 01.70 og 02.40.

Hjón og einstaklingar í óvígðri sambúð, samkvæmt skráningu í þjóðskrá, sem standa saman að búrekstri geta óskað eftir því að greiðslum samkvæmt reglugerð þessari sé skipt jafnt á milli aðila. Þegar um fleiri sjálfstæða rekstraraðila er að ræða með aðskilinn búrekstur getur hver og einn þeirra verið handhafi greiðslna.

4. gr.

Röskun framleiðsluskilyrða.

Heimilt er að ákveða að greiðslur samkvæmt samningi um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða dagsettum 19. febrúar 2016 verði greiddar til framleiðenda óháð framleiðslu á lögbýli eða garðyrkjubýli ef framleiðsluskilyrði hafa raskast tímabundið vegna áfalla, sbr. 32. gr. búvörulaga nr. 99/1993. Framleiðandi sem telur sig hafa orðið fyrir slíkum áföllum skal sækja um greiðslur samkvæmt greininni eins fljótt og unnt er til ráðuneytisins.

5. gr.

Framkvæmdanefnd búvörusamninga.

Framkvæmdanefnd búvörusamninga er samráðsvettvangur samningsaðila samnings um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða.

Framkvæmdanefnd búvörusamninga aflar upplýsinga um þróun framleiðslu og sölu á garðyrkjuafurðum, afurðaverð, inn- og útflutning afurða, afkomuþróun í garðyrkju, auk annarra upplýsinga sem hafa þýðingu fyrir framkvæmd samnings um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða.

Framkvæmdanefnd búvörusamninga er heimilt að taka ákvörðun um að færa framlög milli einstakra verkefna sem falla undir samning um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða, sbr. töflu í viðauka I við samninginn. Heimild þessi getur m.a. átt við ef til þess kemur, innan viðkomandi rekstrarárs, að áætluðum fjármunum til einstaka þátta verður ekki ráðstafað að fullu vegna þeirra takmarkana sem gilda um hámarksstuðning skv. 6. gr.

Ef í ljós kemur að framleiðsluáætlun skv. 7. gr. gefur til kynna umtalsverðar breytingar á framleiðslumagni milli tegunda er framkvæmdanefnd búvörusamninga heimilt að endurskoða hlutfallslega skiptingu milli tegunda skv. 13. gr.

6. gr.

Hámarksstuðningur við hvern framleiðanda.

Hlutdeild framleiðanda eða framleiðenda sem eru í eigu einstakra aðila, einstaklinga, lögaðila eða tengdra aðila má ekki vera hærri en:

- Vegna beingreiðslna A og B, mest 10% af heildarbeingreiðslum þess beingreiðsluflokks sem til ráðstöfunar eru á viðkomandi rekstrarári samkvæmt fjárlögum.
- Vegna beingreiðslna á flutnings- og dreifingarkostnaði raforku, mest 17,5% af þeirri heildarfjárhæð sem til ráðstöfunar er á viðkomandi rekstrarári samkvæmt samningi um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða samkvæmt fjárlögum.
- Vegna jarðræktarstyrks getur hver framleiðandi ekki fengið hærri greiðslur samtals en 10% af því fjármagni sem til ráðstöfunar er árlega.

7. gr.

Réttur til beingreiðslna.

Halda skal skrá yfir rétthafa og handhafa beingreiðslna. Tilkynna skal án tafar um breytingar á handhöfum beingreiðslna.

Réttur til beingreiðslna er bundinn við handhafa. Framsal þeirra er óheimilt.

Skilyrði fyrir beingreiðslum eru fullnægjandi skil á skýrsluhaldi skv. 22. gr.

Framleiðendur, sem tóku við beingreiðslum á árinu á undan þurfa ekki að sækja sérstaklega um fyrir næsta ár, en þeir skulu skila áætlun fyrir 15. febrúar ár hvert, þar sem fram kemur flatarmál gróðurhúsa, sem ætlað er til framleiðslu fyrir hverja tegund svo og áætluð framleiðsla af hverri tegund á komandi ári og upplýsingar um hvort ræktun sé með raflýsingu eða með öðrum hætti, ásamt upplýsingum um hámarksorkuþörf og kostnað við dreifingu og flutning. Feli áætlun í sér meira en 10% frávik frá framleiðslu síðasta árs skal gera sérstaka grein fyrir henni. Einnig skal liggja fyrir fullnaðaruppgjör vegna ársins á undan áður en beingreiðslur fást greiddar vegna næsta árs.

Ef fullnægjandi gögnum skv. 4. mgr. er ekki skilað á réttum tíma verða beingreiðslur ekki greiddar fyrr en framleiðendur hafa gert úrbætur.

8. gr.

Umsókn um beingreiðslur.

Framleiðendur sem vilja öðlast rétt til beingreiðslna að uppfylltum skilyrðum, sbr. 3. gr., skulu senda rafræna umsókn vegna ársins eigi síðar en 15. febrúar. Umsókn skal innihalda a.m.k.:

- Heildarstærð gróðurhúsa eða ræktunarrýmis í svepparækt að grunnfleti í m² ásamt heildarstærð þess hluta sem ætlaður er undir ræktun eftir tegundum og heildarstærð þess hluta sem á að raflýsa á hverjum ræktunarstað fyrir sig. Upplýsingarnar skulu vera eftir mánuðum.
- Áætlaða ræktun, heildarframleiðslu og sölu eigin framleiðslu í kg eða einingum eftir því sem við á af hverri tegund á árinu eftir mánuðum.
- Upplýsingar um hvort ræktun sé með raflýsingu eða öðrum hætti, ásamt upplýsingum um orkuþörf og tegund lýsingar.

Umsækjendur skulu skila fullnægjandi umsókn innan tilskilins tímafrests. Umsóknum sem skilað er með ófullnægjandi gögnum er heimilt að hafna.

9. gr.

Gjalddagar beingreiðslna.

Fyrsti gjalddagi er 1. apríl ár hvert og síðan 1. hvers mánaðar vegna sölu/orkunotkunar næstsíðasta mánaðar að því tilskildu að gögnum vegna sölu/orkunotkunar sé skilað á réttum tíma, sbr. 20. gr. Berist gögn síðar frestast afgreiðsla beingreiðslna til næsta gjalddaga.

10. gr.

Endurskoðun á einingaverði beingreiðslna A og B.

Ráðuneytið skal tvisvar á ári hverju, fyrir 1. júlí og fyrir 1. október, endurskoða spár um framleiðslumagn og fermetrafjöldi ársins um breytingar á fyrirframgreiðslu á selda einingu, sbr. 7. gr. Ef til lækkunar kemur á beingreiðslum á einingu afurðar til hvers handhafa, skulu þær endurreiknaðar frá upphafi árs í samræmi við breytingar á einingaverðum, á þann hátt að til útborgunar á árinu komi að hámarki 88% af áætluðum beingreiðslum á einingu við endurskoðun 1. júlí. Við endurskoðun 1. október skal breyta fyrirframgreiðslum í 93% af áætluðum beingreiðslum á einingu.

11. gr.

Umboðssala.

Framleiðandi getur einungis öðlast rétt til beingreiðslna með sölu eigin framleiðsluafurða en ekki með sölu á afurðum sem hann hefur keypt af öðrum. Sala afurða veitir aðeins rétt til beingreiðslna sé kaupandi bókhaldsskyldur hvort sem um er að ræða kaup til eigin rekstrar eða til endursölu. Sömu reglur gilda um umboðssölu.

II. KAFLI

Beingreiðslur A.

12. gr.

Heildarfjárhæð og framkvæmd beingreiðslna A.

Beingreiðslur A skulu greiddar til framleiðenda út á eigin framleiðslu á tómötum, gúrkum og papriku. Framlög samkvæmt fjárlögum hvers árs skiptast upp eftir áðurnefndum tegundum og greiðast til framleiðenda miðað við selt magn af þessum afurðum.

13. gr.

Skipting beingreiðslna A milli afurða.

Heildarbeingreiðslur skiptast á afurðir sem hér segir:

- Tómatar 49%.
- Gúrkur 37%.
- Paprika 14%.

Ef í ljós kemur að framleiðsluáætlanir gefa til kynna umtalsverða breytingu á framleiðslumagni milli tegunda er heimilt að endurskoða ofangreinda skiptingu, sbr. 4. mgr. 5. gr.

14. gr.

Útreikningur beingreiðslna A á afurðaeiningar.

Heildarfjárhæð beingreiðslna sem er til ráðstöfunar fyrir hverja afurð skal deilt á selt magn innan ársins, frá og með 1. janúar ár hvert. Flokka skal tómata, gúrkur og papriku eftir flokkunarreglum Sambands garðyrkjubænda um gæðaflokkun þessara afurða og skulu beingreiðslur einungis greiddar út á selt magn afurða sem fara í fyrsta flokk.

Ráðuneytið gerir áætlun að fengnum upplýsingum frá framleiðendum um sölumagn framangreindra afurða fyrir árið. Áætla skal beingreiðslur pr. kg miðað við áætlað sölumagn og greiða 80% af áætluðum beingreiðslum pr. kg sem fyrstu greiðslu eftir sölu hvers mánaðar.

Við lokauppgjör skv. 21. gr. skal finna út beingreiðslur á hvert kg afurðar miðað við heildarfjárhæð beingreiðslna skv. 13. gr. með því að deila þeim á það magn, sem staðfest er að selt hafi verið á árinu og skulu þær greiddar framleiðendum að frádregnum þeim greiðslum sem þegar hafa farið fram. Ef upp kemur ágreiningur um rétt til beingreiðslna skulu þeir fjármunir sem um er deilt ekki koma til greiðslu við lokauppgjör fyrr en leyst hefur verið úr ágreiningnum.

III. KAFLI Beingreiðslur B.

15. gr.

Heildarfjárhæð og framkvæmd beingreiðslna B.

Beingreiðslur B skulu greiddar til framleiðenda út á eigin framleiðslu ylræktartegunda. Framlög samkvæmt fjárlögum hvers árs skiptast jafnt milli tegunda eftir fermetrafjölda gróðurhúsa og/eða ræktunarrými sveppa að grunnfleti og greiðast til framleiðenda miðað við fjölda fermetra að grunnfleti sem nýttur er til ræktunar á afurðum sem eru ætlaðar til sölu.

Forsenda greiðslna er að ræktunin fari fram í a.m.k. níu mánuði á almanaksári. Ræktun skal að lágmarki stunduð á 250 fermetrum á ársgrundvelli. Framleiðandi skal gera grein fyrir framleiðslu og sölu þeirra afurða sem ræktaðar eru í því húsnæði sem beingreiðslur B eru greiddar út á. Ef framleiðsla/sala er óeðlilega lág miðað við ræktunarrými skal framleiðandi gera sérstaklega grein fyrir ástæðum þess.

16. gr.

Útreikningur beingreiðslna B.

Heildarfjárhæð beingreiðslna sem er til ráðstöfunar skal deilt á flatarmál að grunnfleti, sem nýtt er til ræktunar innan ársins, frá og með 1. janúar ár hvert.

Ráðuneytið gerir áætlun að fengnum upplýsingum frá framleiðendum um magn ræktarflatar fyrir árið. Áætla skal beingreiðslur á áætluðum ræktunarfleti, miðað við fermetrafjölda grunnflatar og greiða 80% af áætluðum beingreiðslum pr. fermetra sem fyrstu greiðslu eftir ræktun hvers mánaðar.

Við lokauppgjör skv. 21. gr. skal finna út beingreiðslur á hvern fermetra ræktunarflatar, þ.e. grunnflatar, miðað við heildarfjárhæð beingreiðslna með því að deila þeim á það magn, sem staðfest er að ræktað hafi verið á árinu. Skulu beingreiðslurnar greiddar framleiðendum að frádregnum þeim greiðslum sem þegar hafa farið fram. Ef upp kemur ágreiningur um rétt til beingreiðslna skulu þeir fjármunir sem um er deilt ekki koma til greiðslu við lokauppgjör fyrr en leyst hefur verið úr ágreiningnum.

IV. KAFLI

Beingreiðslur vegna flutnings- og dreifingarkostnaðar raforku.

17. gr.

Skilyrði fyrir beingreiðslum raforku.

Framleiðandi garðyrkjuafurða skal uppfylla eftirfarandi skilyrði til að fá beingreiðslu:

- Að orkukaupin séu vegna atvinnustarfsemi.
- Að tilgreind raforka sé sérmæld og fari einungis til lýsingar plantna í gróðurhúsi til að örva vöxt þeirra.
- Að framleiðslan sé ætluð til sölu.
- Að ársnotkun til lýsingar sé meiri en 100 MWh á ári.

18. gr.

Hámark beingreiðslna.

Magnliðir og fastagjald í gjaldskrá dreifiveitu fyrir flutning og dreifingu skulu greiddir niður um allt að 95%, en framleiðendur garðyrkjuafurða skulu greiða að lágmarki 5%. Ráðuneytið hefur heimild til óska eftir upplýsingum frá dreifiveitum vegna notkunar til lýsingar.

19. gr.

Útreikningur greiðslna.

Áætla skal beingreiðslur pr. kWh miðað við áætlaða ársnotkun raforku. Ráðuneytinu er heimilt að halda eftir 20% af framlögum vegna beingreiðslna við gerð ársáætlunar.

Áætlun um árgreiðslur og endurgreiðsluhlutfall skal kynnt framleiðanda og skulu athugasemdir við áætlunina berast ráðuneytinu innan 20 daga frá dagsetningu þeirra.

Uppgjör skal fara fram þegar heildarorkunotkun ársins liggur fyrir.

Við lokauppgjör skal miða við að kostnaður hvers framleiðanda fyrir sig verði endanlega sá sami óháð taxta og/eða búsetu. Þannig endi notendur á að greiða sömu krónutölu fyrir flutning og dreifingu raforku en njóta mismunandi jöfnunargreiðslu til að svo verði.

V. KAFLI

Upplýsingar og gögn um sölu afurða, skýrsluhald o.fl.

20. gr.

Upplýsingar og gögn sem skila ber mánaðarlega.

Handhafar beingreiðslna skulu senda mánaðarlega eftirfarandi upplýsingar og gögn eigi síðar en 15. næsta mánaðar eftir að sala/orkukaup fer fram:

1. Nafn, heimilisfang og kennitölu handhafa beingreiðslna ásamt virðisaukaskattsnúmeri og búsnúmeri garðyrkjubýlis.
2. Nafn, heimilisfang og kennitölu kaupanda ásamt virðisaukaskattsnúmeri.
3. Upplýsingar um framleiðslu eða afreikninga. Ef um beingreiðslur B er að ræða skal jafnframt skila inn mánaðarlega fjölda fermetra að grunnfleti í framleiðslu hverrar tegundar. Ef um beingreiðslur vegna raforku er að ræða þá rauntölur notkunar.
4. Sölunótur skulu bera með sér tegund afurðar, selt magn í kg/einingu, skiptingu magns eftir gæðaflokkum, verð á kg fyrir hverja afurðaeiningu og verðmæti alls. Séu þessar upplýsingar sendar á rafrænu formi er ekki skylt að afreikningar eða sölunótur fylgi, aðeins að þessi gögn séu til staðar og aðgengileg sé eftir þeim leitað og að viðeigandi fylgiskjalnúmer sé skráð og komi fram.

Þau gögn sem þannig eru frágengin skulu staðfest með undirritun eða öðrum fullnægjandi hætti, af eða fyrir hönd viðkomandi handhafa beingreiðslna eftir umboði. Ráðuneytið getur hvenær sem er óskað eftir aðgangi að frumgögnum til staðfestingar. Handhafa beingreiðslna er skylt að halda eftir afriti af gögnum til að vinna lokauppgjör ársins eftir.

21. gr.

Staðfesting lokauppgjörs fyrir árið.

Hver framleiðandi, sem hlotið hefur beingreiðslur á árinu, skal senda ráðuneytinu rafrænt, fyrir 15. febrúar ár hvert, heildaruppgjör fyrir árið staðfest af löggiltum endurskoðanda. Uppgjörið skal sýna selt magn eftir tegundum, yrki og gæðaflokkum eigin framleiðslu skv. 13. gr., fermetrafjöldi að grunnfleti ef um beingreiðslur B er að ræða ásamt reikningum vegna orkukaupa. Komi fram misræmi frá áður innsendum gögnum, þ.e. afreikningum og sölunótum skal leggja fram afrit af þeim bókhaldsgögnum sem standa þar að baki og gera grein fyrir leiðréttingum. Við lokauppgjör eru beingreiðslur A greiddar á kg af tómtum, gúrkum og papriku, eftir seldu magni árið áður. Beingreiðslur B eru greiddar á fermetrafjöldi gróðurhúsa að grunnfleti og beingreiðslur vegna flutnings- og dreifingarkostnaðar raforku greiddar á MWh.

Ráðuneytinu er heimilt að láta sannreyna niðurstöður uppgjörs með vettvangsheimsókn.

22. gr.

Fullnægjandi skil á skýrsluhaldi.

Til þess að uppfylla skilyrði um fullnægjandi skýrsluhald þarf að skrá eftirfarandi upplýsingar í Jörð:

1. Nafn, kennitölu og heimilisfang framleiðanda, búsnúmer og landnúmer jarðar sem ræktað er á. ÍSAT-númer búrekstrar samkvæmt skráningu hjá RSK.
2. Virkt virðisaukaskattsnúmer búrekstrar.

3. Eftirfarandi upplýsingar um hvert ræktunarrými/spildu:

- Nafn og/eða einkvæmt númer ræktunarrýmis/spildu.
- Ræktun til manneldis, þ.e. útiræktað grænmeti, garðávextir, ylraektartegundir og sveppir.
- Tegund, yrki ræktunar og skiptingu garðávaxta í rótarafurðir eða afurðir ræktaðar ofanjarðar.
- Stærð ræktunarrýmis/spildu í fermetrum eða hekturum, eftir því sem við á.
- Ræktunartímabil/ræktunarár.
- Dagsetningu sáningar eða útplöntunar, eftir því sem við á.
- Uppskerutímabil.
- Notkun alls áburðar (áburðargjöf).
- Notkun á öllum plöntuverndarvörum, ef við á.
- Heildaruppskeru í kg eða einingum, eftir því sem við á.

4. Ef um beingreiðslur B skv. III. kafla er að ræða:

- Fasteignanúmer gróðurhúss.

5. Ef um ræktunarstyrk skv. IX. kafla er að ræða:

- Hnitsetningu ræktunarspildu byggða á landupplýsingakerfi (LUK) sem byggir á stafrænu túnkorti. Kortið á að sýna nákvæmlega þær ræktunarspildur sem eru grundvöllur að styrkjum.

Þegar metið er hvort túnkort er fullnægjandi skal byggja það mat á því hvort fagaðili hafi teiknað og mælt viðkomandi ræktun með viðurkenndum aðferðum.

VI. KAFLI

Kynbótaverkefni.

23. gr.

Ráðstöfun framlaga.

Framkvæmdanefnd búvörusamninga gerir tillögu til ráðherra um greiðslu framlaga til kynbótaverkefna í garðyrkju að fenginni ráðgefandi umsögn fagraðs í garðyrkju. Sérstaka áherslu skal leggja á loftslagstengd verkefni.

VII. KAFLI

Lífræn framleiðsla.

24. gr.

Rétthafar stuðnings.

Framleiðendur sem uppfylla skilyrði 3. gr. og hafa byrjað lífræna aðlögun undir eftirliti faggiltrar vottunarstofu og í samræmi við gildandi reglugerð um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar, með síðari breytingum, geta sótt um stuðning til aðlögunar að lífrænum framleiðsluháttum.

Skilyrði fyrir stuðningi eru fullnægjandi skil á skýrsluhaldi hverju sinni.

25. gr.

Auglýsing og umsókn.

Ráðuneytið auglýsir eftir umsóknum árlega. Umsóknum skal skila inn í rafrænt umsóknarkerfi ráðuneytisins, eigi síðar en 15. maí ár hvert. Í umsóknum og skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram:

- Upplýsingar um nafn, kennitölu og lögheimili framleiðanda sem sækir um stuðning.
 - Upplýsingar um búsnúmer lögbýlis sem verið er að aðlaga að lífrænni framleiðslu.
 - Lýsing á búrekstrinum sem verið er að aðlaga að lífrænni framleiðslu, þar með talið upplýsingar um tegund ræktunar, flatarmál lands eftir tegund nytja og aðstæður í ræktun sem breyta þarf til að mæta kröfum um lífræna ræktun.
 - Áætlaður aðlögunarkostnaður á umsóknarári samkvæmt kostnaðaráætlun.
 - Upplýsingar um áður fenginn aðlögunarstuðning ef við á.
- Fylgiskjöl með fyrstu umsókn:

1. Kostnaðaráætlun unnin af fagaðila. Í kostnaðaráætlun skal meðal annars leggja mat á þann kostnað vegna lífrænnar aðlögunar sem framleiðandi þarf að bera frá því að lífræn aðlögun hefst og þar til að lífræn vottun fæst. Kostnaðinn skal áætla fyrir hvert ár aðlögunarinnar og skal líta til eftirfarandi þátta:
 - a. Fjárfestingar: Breytingar á húsakosti til að uppfylla kröfur, námskeið og fræðsluefni til að byggja upp þekkingu framleiðanda.
 - b. Rekstrarútgjöld sem tengjast sérstaklega aðlögunarferlinu: Gerð aðlögunaráætlunar; greiningar jarðvegssýna, gerð jarðakorta, ráðgjöf búnaðarráðunauta; og fyrstu úttektir vottunarstofu.
 - c. Lækkun tekna vegna minni framleiðslu á hverja flatar- og búfjáreiningu: Ræðst m.a. af þekkingu og hæfni framleiðanda, jarðvegsgerðar, landsháttum, veðurfari og fyrirkomulagi búreksturs árin áður en aðlögun hefst.
2. Afrit af áætlun um aðlögun að lífrænni landbúnaðarframleiðslu, staðfest af faggildri vottunarstofu.
3. Staðfesting faggildrar vottunarstofu um að umsækjandi hafi undirritað samning við hana um reglubundið eftirlit með framleiðslunni samkvæmt reglum um lífræna framleiðslu. Einnig skal fylgja staðfesting faggiltrar vottunarstofu um að umsækjandi hafi lokið a.m.k. átta klukkustunda námskeiði fagaðila, eins eða fleiri, um lífræna aðlögun landbúnaðarframleiðslu, þar sem fjallað er um aðlögunarferlið, skráningar og skýrsluhald í lífrænum búskap, fyrirkomulag eftirlits og vottunar og fyrirkomulag ráðgjafar og stuðnings við lífræna aðlögun.

26. gr.

Hámarksframlög.

Stuðningur við hvern framleiðanda getur að hámarki numið 50% af árlegum aðlögunarkostnaði skv. 4. tl. 1. mgr. 25. gr. með tilliti til umfangs aðlögunar. Hver framleiðandi getur þó ekki fengið herra framlag árlega en 20% af heildarframlögum stuðningsins samkvæmt fjárlögum.

Heimilt er að veita framleiðanda árlegan aðlögunarstuðning á meðan aðlögun undir eftirliti faggiltrar vottunarstofu stendur yfir. Umsækjandi skal þá sækja um að nýju skv. 25. gr. Ný umsókn skal vera með uppfærðum upplýsingum og fylgiskjölum auk þess skal fylgja með umsókn staðfesting faggiltrar vottunarstofu á að aðlögun standi yfir samkvæmt áætlun.

27. gr.

Eftirlit og úttektir.

Heimilt er að kalla eftir frekari upplýsingum frá framleiðanda til að meta umsókn.

Hætti framleiðandi lífrænni aðlögun án þess að hljóta lífræna vottun innan tveggja ára frá því aðlögunarstuðningur var síðast veittur er heimilt að krefjast endurgreiðslu á greiddum stuðningi, að hluta til eða í heild sinni, ásamt kostnaði við innheimtu.

VIII. KAFLI

Þróunarfjármunir.

28. gr.

Þróunarverkefni og styrkir vegna kolefnishlutleysis í garðyrkju.

Fjármunum vegna þróunarverkefna er ætlað að styðja við kennslu, rannsóknir, leiðbeiningar og þróun í garðyrkju. **Styrkhæf**

eru: Fjármunum Ráðgjafaverkefni, vegna kynningarverkefni, rannsóknar- eða tilraunaverkefni, vörubrúnaðarverkefni og endurmenntunarverkefni. Auglýst kolefnishlutleysis er eftir ætlað umsóknnum að tvisvar styðja við verkefni sem geti stuðlað að kolefnishlutleysi í garðyrkju samanber þau markmið sem fram koma í 2. gr. samkomulags um breytingar á ári samingi og um styrkjum starfsskilyrði er framleiðenda úthlutað garðyrkjuaufurða eftir frá umsóknnum 14. og maí í samræmi við reglugerð þessa 2020.

29. gr.

Umsagnir fagraða.

Fagrað í garðyrkju skal gefa umsagnir um allar umsóknir sem berast, eftir því sem við á. Fagraðið skal leggja faglegt mat á umsóknir um styrk. Meðmæli fagraðs er forsenda styrkveitingar. Sé fagrað vanhæft til að fjalla um umsókn skal það tilkynna ráðuneytinu um vanhæfi sitt. Heimilt er að afgreiða umsókn án umsagnar fagraðs. Í slíkum tilvikum er heimilt að leita til sérfræðinga eða fagaðila til að leggja mat á umsóknina.

Fagrað skulu setja sér verklagsreglur um mat á umsóknum um þróunarfé og styrki vegna kolefnishlutleysis. Í reglunum er heimilt að kveða á um hámarkshlutfall þróunarfjár hvors styrkjaflokks af heildarkostnaði hvers verkefnis sem talið er styrkhæft.

30. gr.

Styrkþegar og umsókn.

Þrátt fyrir 3. gr. geta styrkþegar verið einstaklingar, rannsóknarhópar, háskólar, rannsóknarstofnanir, félög og fyrirtæki. Umsóknum skal skila til ráðuneytisins með rafrænum hætti.

Umsókn skulu fylgja eftirtalin gögn, eftir því sem við á:

- Listi yfir alla sem aðild eiga að verkefninu.
- Yfirlit um tilgang og markmið verkefnis þ.m.t. rökstuðningur fyrir því hvernig það fellur að þeim markmiðum sem tilgreind eru í 28. gr. og hvernig það gagnast að öðru leyti.
- Tímaáætlun verkefnisins og upplýsingar um helstu áfanga þess.
- Fjárhagsáætlun verkefnisins í heild.
- Upplýsingar um hvernig niðurstöður verkefnisins verða kynntar.

Heimilt er að óska eftir frekari gögnum sé þess þörf til að leggja mat á umsókn.

31. gr.

Greiðsla.

Áður en styrkur er greiddur skal umsækjandi staðfesta að fjármögnun verkefnisins í heild hafi verið tryggð, sbr. d-lið 30. gr.

Greiða má allt að 40% af samþykktum styrk til styrkþega þegar verkefni er sannanlega hafið. 20% af styrk má svo greiða þegar áfangaskýrslu hefur verið skilað sem gefur til kynna að framvinda verkefnisins sé a.m.k. 60% af heildarverkefninu. Eftirstöðvar framlagsins, 40%, má þá greiða þegar lokaskýrslu hefur verið skilað og hún samþykkt af fagraði. Heimilt er að víkja frá þessu ef eðli verkefnisins eða aðrar veigamiklar ástæður krefjast þess.

32. gr.

Lokaskýrsla.

Styrkþegar skulu skila skýrslu um verkefnið til ráðuneytisins eigi síðar en 6 mánuðum eftir að því lýkur. Sé verkefnið til lengri tíma en eins árs skal skila árlegri áfangaskýrslu. Í skýrslunni skal lagt mat á framgang verkefnisins og hverju það hafi skilað fyrir viðkomandi framleiðanda.

Heimilt er að leita umsagna viðkomandi fagraðs um verkefnaskýrslur sem styrkþegum er gert að skila. Allar lokaskýrslur skulu samþykktar í viðkomandi fagraði.

33. gr.

Styrkur fellur niður.

Styrkveitingar til verkefna þar sem ekki tekst að uppfylla skilyrði þessara reglna um skýrsluskil og lok verkefnis, skv. 30. og 31. gr., innan 12 mánaða frá því að ráðuneytið samþykkir fyrirheit um styrk, falla niður. Heimilt er, vegna sérstakra aðstæðna, að veita frest til ráðstöfunar framlaga á næsta ári eftir úthlutun, enda hafi borist formleg beiðni þess efnis frá styrkþega fyrir lok úthlutunarárs.

Heimilt er að krefjast endurgreiðslu á greiddum styrk, að hluta til eða í heild sinni ásamt kostnaði við innheimtu, ef verkefni sem veittur hefur verið styrkur fyrir er ekki framkvæmt í samræmi við áætlanir.

IX. KAFLI
Jarðræktarstyrkur.

34. gr.

Framlögum skal varið til jarðræktar, þ.e. vegna útiræktunar á grænmeti, kartöflum og garðávöxtum til mannelldis. Uppskeyra er forsenda fyrir jarðræktarstyrk.

Rafrænni umsókn skal skila eigi síðar en 15. ágúst ár hvert vegna ræktunar á yfirstandandi ári.

Skilyrði fyrir veitingu stuðnings skv. IX. kafla eru fullnægjandi skil á skýrsluhaldi skv. 22. gr.

Í umsókn bús um framlög skulu koma upplýsingar um nafn, kennitölu og heimilisfang umsækjanda, búsnúmer og landnúmer jarðar sem ræktað er og framleiðanda er heimilt að nýta. Þá skal vera tenging við spildur í Jörð, þar sem liggur til grundvallar fullnægjandi túnkort af ræktunarspildu sem sótt er um styrk fyrir. Þegar ræktað er aðeins í hluta af spildu sem sækja á um styrk út á, skal tiltaka hve stór hluti er nýttur fyrir hvert yrki hverrar tegundar. Framlag á hvern hektara (ha) fyrir hvert bú tekur mið af heildarfjölda hektara sem sótt er um. Ekki er greitt framlag fyrir ræktun undir einum fjórðungi hektara. Fjöldi hektara sem sótt er um reiknast í samræmi við eftirfarandi stuðla:

Hver framleiðandi getur ekki fengið hærri greiðslur samtals en 10% af því fjármagni sem til ráðstöfunar er árlega.

Fjöldi ha sem sótt er um	Stuðull umsótttra ha
+ 0,25 -30 ha	1,0 fyrir rótarafurðir
+ 0,25 -30 ha	4,0 fyrir afurðir ræktaðar ofanjarðar
> 30 ha	0,7 fyrir rótarafurðir
> 30 ha	3,0 fyrir afurðir ræktaðar ofanjarðar

35. gr.

Úttektir:

Skilyrði þess að ræktun njóti framlags er að fram hafi farið úttekt.

Til að standast úttekt vegna jarðræktar þarf að liggja fyrir fullnægjandi stafrænt og hnitsett túnkort af ræktarlandinu í Jörð.

Úttektaraðili sannreynir stærð ræktunar og hvort skilyrði til styrkveitinga eru að öðru leyti uppfyllt. Heimilt er að vettvangsúttekt fari einungis fram með tilviljunarkenndu úrtaki, óháð umfangi ræktunar. Ef til staðar eru fullnægjandi gervihnattamyndir af umsóttum spildum, sem nægja til úttektar á umsókn, telst það fullgild vettvangsúttekt.

Úttektaraðili skal vera starfsmaður búnaðarsambands eða leiðbeiningarmiðstöðvar sem hefur almenna þekkingu á viðkomandi sviði og ráðuneytið viðurkennir. Um fyrirkomulag úttekta og kostnað við þær skal kveðið á um í samningum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins við úttektaraðila.

Úttektir á framkvæmdum skulu berast 15. október á sama ári eftir að umsókn berst og skulu styrkir greiddir fyrir árslok.

Úttektir skulu skráðar með hnitsetningu í rafrænt umsóknarkerfi.

X. KAFLI
Ýmis ákvæði.

~~36. gr. Kolefnishlutleysi. -~~

~~Framkvæmdanefnd búvörusamninga ráðstafar þeim fjármunum sem ætlaðir eru til að stuðla að kolefnishlutleysi íslenskrar garðyrkju að fengnum tillögum Sambands garðyrkjubænda.~~

XI. KAFLI

37. gr.

Endurgreiðsla ofgreiddra greiðslna.

Ef greiðslur samkvæmt reglugerð þessari hafa verið ofgreiddar ber handhafa greiðslna að endurgreiða ríkinu hið ofgreidda fé. Beri að endurgreiða greiðslur skal handhafi endurgreiða þær með vöxtum sem Seðlabanki Íslands ákveður og birtir skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, frá þeim tíma er greiðslan átti sér stað og þar til endurgreiðsla fer fram. Auk almennra vaxta skal handhafi greiða dráttarvexti skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, sbr. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001. Vextir skulu þó ekki greiddir ef endurgreiðsla fer fram innan 30 daga frá því að greiðsla fór fram.

38. gr.

Skerðing og niðurfelling greiðslna.

Heimilt er að skerða, fella niður eða krefjast endurgreiðslu á stuðningsgreiðslum samkvæmt reglugerð þessari ef framleiðandi gefur vísitandi rangar upplýsingar eða brýtur á annan hátt skilyrði reglugerðarinnar.

39. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í búvörulögum nr. 99/1993, með síðari breytingum og öðlast gildi 1. janúar 2021. Við gildistöku þessarar reglugerðar fellur úr gildi reglugerð nr. 630/2020 um stuðning við garðyrkju.

- Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 16. desember 2020. -

- Kristján Þór Júlíusson

- sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

- Ása Þórhildur Þórðardóttir. -

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.